

**Skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar**  
**Ráðhús Snæfellsbæjar**  
**Klettabúð 4**  
**360 Snæfellsbæ**

Sent á: [byggingarfulltrui@snb.is](mailto:byggingarfulltrui@snb.is) og á [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

Reykjavík, 15. mars 2023

Efni.

### **Tillaga að breytingu á skipulagi í Krossavík við Hellisand (Snæfellsbæ)**

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér tillögu að breytingu [aðalskipulags og nýtt deiliskipulag fyrir Krossavíkurböðin í Krossavík](#) við Hellissand.

Umrætt svæði er afar áhugavert og sérstakt og því eðlilegt að áhyggjur vakni þegar slík áform koma til umræðu. Náttúruperla er líklega lýsingaorð sem margir myndu grípa til eftir að hafa gengið um svæðið og notið þar útveru og útsýnis á Snæfellsjökul. Skynsamlegt er að skoða svæðið sem hluta af landlagsheild með Brimnesi, mótað af hrauni frá nútíma sem rann þegar sjávarstaða var lægri en nú. Hraunið nær víða í sjó fram og myndar heillandi og líklega einstakt fjörulandslag.

Svæðið er á [náttúruminjaskrá](#)<sup>1</sup>, er á [mikilvægu fuglasvæði \(IBA\)](#) og á [jaðarsvæði þjóðgarðs](#). Á [vistgerðarkorti](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands má sjá að á svæðinu er „sjávarfitjungavist“ sem hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Þá kemur fram í náttúruminjaskrá og í samtölu við heimamenn að Krossavík er vinsælt útivistarsvæði íbúa og gesta og að þar megi njóta heilandi náttúruupplifunar árið um kring. Þá er deginum ljósara að áformuð mannvirkin eru nær sjávarmáli en 50 metra reglan segir til um. Útilokað er að koma í veg fyrir að mannvirkin hafi umtalsverð áhrif á yfirbragð svæðisins og landslag. Þá munu mannvirkin og sú aukna umferð sem þeim fylgir trufla fuglalíf og jafnvel gróðurfar.

Af skipulagsuppdrætti má ráða að mannvirkjum verði komið upp á milli fjöru og Kópatjarnar í skjóli við gömul hafnarmannvirki sem að falli eru kominn og sjór mun eyða með tímanum. Kópatjörn er sjávarlón eftir því sem best verður séð. Það virðist því augljóst að áformuð mannvirki geta orðið undir miklu álagi við vissar veðurfarsaðstæður og hærri stöðu sjávar sem óhjákvæmileg vegna loftslagsbreytinga.

**Stjórn Landverndar telur að vegna framangreindra fjölpættu náttúruverndarsjónarmiða og nálægð við þjóðgarðinn beri Snæfellsbæ að finna annan valkost fyrir áformuð mannvirki.**

*Með vinsemi og virðingu,  
Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar*

<sup>1</sup> Svæðið er hluti af stóru svæði sem merkt er nr. 223 í náttúruminjaskrá. Þar segir: Utanvert Snæfellsnes, Snæfellsbæ (áður Breiðuvíkurrh.), Snæfellsnessýslu. (1) Snæfellsnes vestan Fróðárheiðar utan ræktaðs lands og þéttbýlis. Á sunnanverðu nesinu markast svæðið til austurs af Búðaósi, vegi nr. 54 frá Búðum upp á Fróðárheiði. Á norðanverðu nesinu markast svæðið til austurs af vegi yfir Fróðárheiði og austurbakka Bugsvatna. (2) Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði.